



Brunatrygging ökutækja

Vátryggingarskilmálar nr. BE20

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. BE20.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggður og meðvátryggðir
3. Vátryggingin gildir
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Varúðarreglur
7. Brot á varúðarreglum
8. Áhættubreyting
9. Samsömun
10. Útreikningur iðgjalds
11. Greiðsla iðgjalds
12. Endurgreiðsla iðgjalds
13. Eigendaskipti á ökutæki eða afskráning þess
14. Vátryggingarverðmæti
15. Bætur fyrir algert tjón
16. Bætur fyrir tjón að hluta
17. Framsal
18. Tvítrygging
19. Fyrning

1. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin gildir fyrir ökutæki sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Vátryggður og meðvátryggðir

- 2.1 Eigandi ökutækis er vátryggður.
- 2.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í ökutækinu eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðvátryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en vátryggður, sbr. 3. mgr.

41. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

3. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á Íslandi.

4. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón:

- 4.1 Á ökutækinu vegna eldsvoða, eldingar eða sprengingar sem stafar af eldsvoða. Auk skemmda á ökutækinu nær vátryggingin til skemmda sem samtímis verða á varahlutum og þeim fylgihlutum ökutækisins sem teljast mega tilheyra eðlilegum útbúnaði þess þegar tjónið varð, enda séu hlutir þessir þá í ökutækinu. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.

Vátryggingin bætir ekki tjón:

- 4.2 Á hreyfli vegna sprenginga í strokkum.
- 4.3 Á hvers konar aukaútbúnaði ökutækisins, t.d. tengivögnum, farsímum, GPS-tækjum, talstöðvum, vörulyftum og krönum vörubifreiða, lausum toppgrindum og farangurskössum, nema um annað sé samið.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 5.2 Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Varúðarreglur

- 6.1 Ökumaður hins vátryggða ökutækis skal hafa þau réttindi og kunnáttu sem krafist er til þess að aka því.
- 6.2 Ökumaður skal ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna við notkun ökutækis.
- 6.3 Ökutæki skal vera læst þegar enginn er í því og geyma skal lykla á öruggum stað.



- 6.4 Ekki skal nota ökutæki til annars aksturs en þess sem getið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunar-kvittun.
- 6.5 Váttryggður skal viðhalda ökutæki í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar framleiðanda.
- 6.6 Váttryggður skal fara eftir opinberum fyrirmælum um skoðun ökutækisins og sjá til þess að það uppfylli kröfur um gerð og búnað á hverjum tíma.
- 6.7 Váttryggður skal sjá til þess að öryggisbúnaður ökutækisins sé ávallt í lagi.

7. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Áhættubreyting

Tilkynna ber félaginu tafarlaust ef notkun ökutækisins breytist frá því sem kemur fram á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð félagsins á váttryggingarburði lækki að tiltölu miðað við hvað iðgjaldið hefði orðið við breytta notkun, sbr. 25. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

9. Samsömun

- 9.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða ökutæki.
- 9.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnanda hins váttryggða ökutækis.

10. Útreikningur iðgjalds

- 10.1 Grunniðgjald váttryggingarinnar er reiknað út frá notkun ökutækisins, verðmæti þess og lögheimili váttryggingartaka.
- 10.2 Iðgjaldið breytist við endurnýjun váttryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu.

11. Greiðsla iðgjalds

- 11.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist.
- 11.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingar-

samnings, sbr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

12. Endurgreiðsla iðgjalds

- 12.1 Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef váttryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.
- 12.2 Félagið endurgreiðir ekki iðgjald þótt ökutækið hafi ekki verið í notkun og skrásetningamerki þess verið í vörslu Umferðarstofu eða umboðsmanna hennar.
- 12.3 Skammtímatryggingar eru með öllu undanskildar endurgreiðsluákvæðum í gr. 12.1.

13. Eigendaskipti á ökutæki eða afskráning þess

Ef eigendaskipti verða að hinu váttryggða ökutæki, eða það er afskráð, fellur váttryggingin úr gildi þegar eigendaskipti eða afskráning hefur átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef váttryggingarburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi eigandi hefur ekki sjálfur tekið váttryggingu.

14. Váttryggingarverðmæti

Váttryggingarverðmæti ökutækisins er sú upphæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri og gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi, miðað við staðgreiðsluviðskipti.

15. Bætur fyrir algert tjón

- 15.1 Félagið greiðir bætur fyrir algjört tjón ef ökutækið verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið álítur ekki borga sig að gera við það.
- 15.2 Verði algert tjón á ökutæki ræður félagið hvort það:
- 15.2.1 Greiði váttryggingarverðmæti ökutækisins gegn afsali.
- 15.2.2 Greiði mismun á váttryggingarverðmæti og verðmæti ökutækis eftir váttryggingarburð.
- 15.2.3 Útvegi annað ökutæki sömu tegundar sem er sambærilegt að aldri og gerð. Kjósi félagið að útvega annað ökutæki hefur það heimild til að gera tilkall til afsals úr hendi váttryggingartaka fyrir hinu skemmda ökutæki.



16. Bætur fyrir tjón að hluta

- 16.1 Skemmist ökutækið án þess að skilyrði 15. gr. séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera við ökutækið að svo miklu leyti sem unnt er, þannig að það sé í sama eða svipuðu ástandi og fyrir tjón.
- 16.2 Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað hjá verkstæði sem félagið samþykkir eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað.
- 16.3 Félagið bætir ekki lækun á markaðsverði ökutækisins, óbeint tjón, svo sem afnotamissi, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnað vegna sérpantana á varahlutum.

17. Framsal

Vátryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja réttindi sín samkvæmt vátryggingarsamningnum.

18. Tvítrygging

- 18.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 18.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 18.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

19. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 24. nóvember 2008